

Fundargerð háskólaráðs
366. fundur fimmtudaginn 19. nóvember 2015
Borgir 402

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:30.

Mættir voru auk hans:

Berglind Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrúi háskólasamfélagsins
Svanfríður Inga Jónasdóttir, fulltrúi háskólaráðs

Forföll boðuðu:

Finnbogi Jónsson, fulltrúi háskólaráðs og Erla Björg Guðmundsdóttir, varafulltrúi hans
Jens Garðar Helgason, fulltrúi menntamálaráðherra og Elvar Jónsson, varafulltrúi hans.

Aðrir mættir:

Martha Lilja M. Olsen, verkefnastjóri á skrifstofu rektors, ritar fundargerð

Gestir:

Elísabet Hjörleifsdóttir, formaður rannsóknamissisnefndar
Ólína Freysteinsdóttir, verkefnastjóri
Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður
Edward Huijbens, prófessor, formaður siðanefndar

Rektor kynnti dagskrá og gerði grein fyrir breytingu á dagskrá á þá leið að 3. liður, rannsóknamissisri og staða umsókna, yrði tekinn fram fyrir á dagskránni og væri 1. liður á dagskrá. Dagskrá að öðru leyti óbreytt. Breyting á dagskrá samþykkt.

1. Rannsóknamissisri og staða umsókna

Elísabet Hjörleifsdóttir og Ólína Freysteinsdóttir komu á fundinn og kynntu stöðu umsókna um rannsóknamissisri. Elísabet kynnti málið og drög að bréfi rannsóknamissisnefndar til rektors um niðurstöðu nefndarinnar varðandi umsóknir um rannsóknamissisri. Rannsóknamissisnefnd bærust 15 umsóknir, þar af reyndust 5 umsóknir ekki uppfylla skilyrði *Reglna um rannsóknamissisri kennara við Háskólann á Akureyri nr. 355* og því ekki teknar til umfjöllunar. Samtals er sótt um 16 missisri. Nefndin mun leggja til

að þeir 10 umsækjendur sem sendu inn gildar umsóknir fái úthlutað rannsóknamissurum. Ólína fór síðan nánar yfir umsóknirnar sjálfar. Gert ráð fyrir að rannsóknamissisnefndin leggi fram lokatillögu til rektors um veitingu rannsóknamissura í desember n.k.

2. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar.

1507011

Fundargerðir 364. og 365. fundar lagðar fram til samþykktar. Engar athugasemdir gerðar við fundargerðir og þær því samþykktar.

3 Rekstraryfirlit janúar-október

Rekstrarstaða skólans og fjárlög 2016.

Ólafur Halldórsson og Úlfar Hauksson gerðu grein fyrir rekstraryfirliti. Reksturinn nokkurn veginn á núlli eins og er. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 var aðeins gert ráð fyrir 3,5% launahækkunum en kjarasamningar undanfarið gera ráð fyrir mun meiri hækkunum, bæði á árinu 2015 og 2016. Mikilvægt er að tryggt sé að stjórnvöld komi til móts við skólann vegna þessara hækkana. Töluverð óvissa er framundan í fjárhagsmálum skólans.

4. Ársskýrsla síðanefndar, til kynningar

1510005

Edward Huijbens, formaður síðanefndar, kom á fundinn og kynnti ársskýrslu nefndarinnar 2014-2015.

Háskólaráð samþykkir að skoða hvort ástæða sé til að stofna Vísindasíðanefnd við skólann og að ný síðanefnd 2015-2017 fái m.a. það verkefni að skoða þetta.

Einnig er því beint til formanns síðanefndar að taka verkferla til skoðunar, m.a. í samræmi við mál sem hafa verið að koma upp í öðrum skólum, t.d. varðandi ósæmileg samskipti á milli nemenda (eða annarra) og hvort skólinn sé í stakk búinn til að takast á við slík mál ef og þegar þau koma upp.

5. Skipun síðanefndar – fulltrúar nemenda

1506051

Lagðar fram tilnefningar á fulltrúum nemenda. Tilnefningar samþykktar.

6. Loftslagsyfirlýsing

1510020

Lagt fram til kynningar. Rektor kynnti málið og sagði frá að ákveðið hefði verið að HA tæki þátt í yfirlýsingunni og umhverfisráð skólans vinnur að aðgerðaráætlun í tengslum við yfirlýsinguna, sem verður lögð fram á vorönn.

7. Starfsmannamál

Rektor sagði frá stöðu mála í ráðningarferli forseta heilbrigðisvísindasviðs og að fyrir liggur að auglýsa eftir nýjum forseta hug- og félagsvísindasviðs þar sem ráðningartími núverandi forseta rennur út í lok nóvember.

8. Stefnumótun

Lagðar fram til kynningar glærur rektors frá stefnumótunarfundi yfirstjórnar 4. – 5. nóvember s.l. Rektor fór yfir glærurnar og hvatti fulltrúa háskólaráðs til að kynna sér þær vel fyrir stefnumótunarfund háskólaráðs, sem verður dagana 26. og 27. nóvember n.k.

Svanfríður Jónasdóttir yfirgaf fundinn kl. 15:22

9. Breyting á skipan framkvæmdastjórnar

Málinu frestað til næsta fundar.

10. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:35.